

Fundargerð 98. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 12. júní kl. 08:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök sjávarútvegssveitarfélag - kynningarbréf 2026 - 2606003SU

Drög að kynningarbréfi til að senda á sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga lagt fram til umræðu.

Stjórn samþykkir að fela formanni og starfsmanni að senda aðildarsveitarfélögum sérstakt kynningarbréf en einnig að senda kynningarbréf til sjávarútvegssveitarfélaga sem ekki eru aðilar að samtökunum.

2. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2026 - 2606002SU

Aðalfundur samtakanna skal halda í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal haldin á stéttum tölum. Skal því halda aðalfund í ár og er lagt til að aðalfundur samtakanna verði haldinn miðvikudaginn 7. október kl. 13:00 en fjármálaráðstefna sveitarfélaga fer fram 8.-9. október nk.

Stjórn samþykkir að halda aðalfund miðvikudaginn 7. október kl. 13:00 en formlegt fundarboð verður sent til aðildarsveitarfélaga þegar nær dregur.

3. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - ársreikningur 2025 - 2606001SU

Ársreikningur 2025 lagður fyrir stjórn til kynningar. Skoðunarmaður reikninga hefur farið yfir reikninginn án athugasemda. Lagt er til að ársreikningur verði sendur til aðildarsveitarfélaga til kynningar í samræmi við samþykktir samtakanna.

Stjórn samþykkir að senda ársreikning 2025 til aðildarsveitarfélaga til kynningar og í framhaldinu verður ársreikningur lagður fyrir aðalfund til staðfestingar.

Stjórn samþykkir einnig að senda greinagerð vegna ársreiknings á aðildarsveitarfélög en mikill kostnaður vegna vinnu KPMG í tengslum við veiðigjaldaumræðu og breytingar á lögum hefur áhrif á ársreikninginn auk þess að stjórn og aðildarfélög fóru til Noregs í tengslum við vinnu við frumvarp um lagareldi.

4. Fundir með hagsmunaaðilum 2025-2026 - 2511001SU

Til umræðu voru huganlegir fundir með hagsmunaaðilum.

Formanni og starfsmanni falið að finna tímasetningu sem hentar sem flestum stjórnarmönnum.

5. Önnur mál - 2511002SU

Til umræðu voru áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, þar sem fyrirhugað er að endurskoða gjaldaákvæði laganna.

Stjórn leggur áherslu á að gjaldaákvæði hafna taki mið af fjölbreyttri og síbreytilegri starfsemi hafna, enda á sér stað hröð þróun á því sviði. Mikilvægt er að lögín takmarki ekki möguleika hafna til að innheimta réttmæt gjöld vegna þeirrar þjónustu sem þær veita og þess kostnaðar sem af starfseminni hlýst.

Fundi var slitið kl. 08:45